

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 79/96
frá 13. desember 1996**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og
X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
47/95 frá 22. júní 1995⁽¹⁾.

X. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
26/94 frá 2. desember 1994⁽²⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/47/EB frá 24. október 1995 um notkun staðla við
merkjasendingar fyrir sjónvarp⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 4h (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/821/EBE) í
XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 140, 13. 6. 1996, bls. 43 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 25, 13. 6. 1996,
bls. 98.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 339, 29. 12. 1994, bls. 85 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 53, 29. 12. 1994,
bls. 12.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 281, 23. 11. 1995, bls. 51.

„4i. 395 L 0047: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/47/EB frá 24. október 1995 um notkun staðla við merkjasendingar fyrir sjónvarp (Stjtið. EB nr. L 281, 23. 11. 1995, bls. 51).“.

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 1. lið (tilskipun ráðsins 89/552/EBE) í X. viðauka við samninginn:

„1a. 395 L 0047: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/47/EB frá 24. október 1995 um notkun staðla við merkjasendingar fyrir sjónvarp (Stjtið. EB nr. L 281, 23. 11. 1995, bls. 51).“.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar 95/47/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 13. desember 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

